

Alþingi
Erindi nr. P 141/1647
komudagur 19.2.2013

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd

Undirritaður hefur fyrir hönd kortadeildar Forlagsins kynnt sér frumvarp til laga um náttúruvernd og gerir eftirfarandi athugasemdir við 32. grein þar sem fjallað er um kortagrunn fyrir vegi og vegslóða.

Forlagið er sammála því að gerð og viðhald vegakortagrunnsins skuli vera í höndum Landmælinga Íslands sem láti hann af hendi án endurgjalds.

Forlagið er reiðubúið að útfæra vegakerfi allra nýrra korta fyrirtækisins í samræmi við ofangreindan kortagrunn og merkja inn á kortin útgáfunúmer vegagagnagrunnsins, sé þess óskað, að því gefnu að allar upplýsingar berist Forlaginu eigi síðar er 1. janúar þess árs sem kortin eiga að koma út.

Forlagið er mótfallið því að þurfa að innkalla eldri kort frá notendum eða dreifingar- aðilum, þar sem því fylgir umtalsverð fyrirhöfn og kostnaður.

Sé þess óskað er undirritaður reiðubúinn að mæta til fundar við umhverfis- og samgöngunefnd vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Örn Sigurðsson
Kortadeild Forlagsins

